



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík 21. janúar 2022

Efni: Umsögn hollustuháttareglugerð, mál nr. 2/2022.

Samtök atvinnulífsins. Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar hollustuháttareglugerð sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 4. janúar sl. Samtökin fagna endurskoðun reglugerðarinnar til einföldunar enda mikilvægt að regluverk sé skýrt. Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin fagna 5. gr. sem kveður á um að Umhverfisstofnun skuli vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Leggja samtökin áherslu á samræmingaraðgerðir stofnunarinnar verði virkar. Svæðaskipting eftirlits, án samræmdar túlkunar og beitingar á reglum, er algeng hér á landi, og telja samtökin að hafa verði að leiðarljósi að eftirlit, sé það talið nauðsynlegt, sé ávallt eins einfalt og hægt er. Nægir í þessum efnum að benda á niðurstöðukafla skýrslu KPMG frá maí 2020 sem ber heitið *Greining á opinberu eftirliti*.¹ Undanfarið hafa samtökin haft fyrirkomulag eftirlits í nágrannaríkjum okkar til skoðunar. Margt bendir til þess að þörf sé á að endurskoða eftirlitsfyrirkomulagið hér á landi og hollustuháttaeftirlit ekki síst. Er algengt að opinberu eftirliti á hinum Norðurlöndunum sé þannig skipt að öflug stjórnslustofnun hefur umsjón með málaflökki og beini sjónum sínum einkum að reglusetningu, samræmingu, leiðbeiningagjöf, heildstæðum heimsóknum og ákvarðanatöku. Reglulegar úttektir eru hins vegar í höndum viðurkenndra einkaaðila, t.d. faggiltra skoðunarstofa. Hérlandis er mikilvægt að skoða hvort ekki séu tækifæri til að gera jákvæðar breytingar á framkvæmd eftirlits með það að markmiði auka samræmi og skilvirkni í opinberu eftirliti, m.a. með framsali eftirlits. Hefur löggjafarvaldið sérstaklega gert ráð fyrir því í hollustuhátta- og mengunarvarnareftirliti en í 58. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að *heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun [sé] heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum*. Ekki liggur fyrir hvornig þetta eigi að vera framkvæmt og hvaða eftirlitsþættir væru fýsilegir til útvistunar. Með breytingu á hollustuháttareglugerðinni er tækifæri til að skýra þetta ákvæði betur og telja samtökin eðlilegt að í 5. gr. reglugerðarinnar verði beinlínis kveðið á um að Umhverfisstofnun skilgreini þá eftirlitsþætti sem fýsilegt getur verið að heilbrigðisnefndir feli faggiltum skoðunarstofum. Þá ætti jafnframt að kveða á um meðferð umsókna faggiltra skoðunarstofa um að taka að sér eftirlitsþætti í eftirlitsumdæmi í lokamálsgrein 45. gr. reglugerðarinnar.

¹ Sjá á vefslóðinni https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/MatvAelasjodur/Greining%20%c3%a1%20opinberu%20eftirliti_mai2020_final.pdf



Í 1. mgr. 7. gr. kemur fram að rekstraraðili, sem er með starfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðarinnar, skuli hafa gilt starfsleyfi útgefið af heilbrigðisnefnd eða gilda skráningu, eftir því sem við á. Þessi sjónarmið birtast einnig á öðrum stöðum í drögunum, t.a.m. í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. 9. gr. og 10. gr. Samtökin hafa lengi kallað eftir einföldun þessa fyrirkomulags enda ætti að nægja að tilkynna um væntanlegan rekstur en ekki þurfa starfsleyfi nema í undantekningartilvikum. Samtökin hafa einnig talið að ýmis einföld starfsemi sem talin er upp í viðauka með lögum eigi hvorki að vera tilkynningaskyld né starfsleyfisskyld. Í mörgum tilvikum eru fyrirtækin einnig starfsleyfisskyld samkvæmt öðrum lögum. Þá sjá samtökin því ekkert til fyrirstöðu að starfsleyfi séu gefin út ótímabundið, sbr. 10. gr., að því gefnu að fyrirtækin sinni tilkynningarskyldu sinni. Til fyllingar benda samtökin á umfjöllun í Samkeppnismati OECD.²

Regluverk má ekki vera óþarflega íþyngjandi

Mikilvægt er að leyfisskylda hér á landi sé ekki meira íþyngjandi en brýn nauðsyn krefur, enda hafa slíkar kvaðir verulega hamlandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi þar sem nýta þarf kraftana í annað en útfyllingu opinberra plaggja með tilheyrandi kostnaði. Markmið reglugerðardraganna var að einfalda og samræma regluverk. Í þessu samhengi benda samtökin á að öllu vænlegra er að nota tilkynningargátt fyrir nýja starfsemi þar sem upplýsingar um kröfur til viðkomandi reksturs er að finna. Ráðuneytið og umhverfisstofnun hafa haft slíka gátt í undirbúningi og vona samtökin að hún verði fljótlega tekin í gagnið.

Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með *hæfilegum* fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfið. Hvað felst í *hæfilegum* fyrirvara er ekki útskýrt í reglugerðinni eða lögskýringargögnum og því óska samtökin eftir að tíminn til upplýsingagjafar verði skýrt skilgreindur.

Samtökin telja ljóst að óþarflega íþyngjandi regluverk dragi úr hvata til atvinnustarfsemi og skerði samkeppnishæfni. Í því ljósi telja samtökin þá kröfu sem kemur fram í 2. mgr. 14. gr., um að rekstraraðilar skuli tilkynna heilbrigðisnefnd ef upp komi *grunur* um sjúkdóm eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina vera óhóflega íþyngjandi og til þess fallin að hafa hamlandi áhrif á atvinnustarfsemi. Þá ber að geta þess að óljóst er um hvers konar smit eða sjúkdóma ræðir, hvaða viðskiptavini er átt við og á hvaða tímabili, hvaða upplýsingar eigi að vita, o.s. frv.

Aukið innra eftirlit er framfaraskref

Samtökin fagna þeirri nýjung sem finna má í 15. gr. reglugerðardraganna um innra eftirlit og telja að um mikið framfaraskref að færa eftirlit í auknu mæli til rekstraraðilanna sjálfra. Samtökin gera þó athugasemdir við óskýrleika ákvæðisins varðandi að heilbrigðisnefnd geti gert kröfu um innra eftirlit. Í ákvæðinu er ekki að finna nánari leiðbeiningar um í hvaða tilvikum beita eigi innra eftirliti, einungis að krafan skuli taka mið af umfangi og eðli starfsemi. Samtökin kalla eftir að skýrt sé í hvaða tilvikum beita eigi innra eftirliti og vilja jafnframt hvetja til þess að rekstraraðilar sem sinna innra eftirliti með fullnægjandi hætti ættu að njóta góðs af því og umfang ytra eftirlit heilbrigðisnefnda sé af þeim sökum minna.

² Sjá á vefsíðunni <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkeppnismat-oecd-438-tillogur-til-ad-efla-samkeppni-i-ferdathjonustu-og-byggingaridnadi>, sbr. bls. 144-146.



Þá fagna samtökin 3. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar þar sem áréttað er að rekstraraðila skuli gefið tækifæri til að bregðast við athugasemdum í eftirlitsskýrslu áður en skýrsla er birt og kalla eftir auknum skýrleika og samræmingu varðandi með hvaða hætti eigi að birta niðurstöður. Taka þarf afstöðu til þess hvernig og hvort birta eigi myndir úr vettvangsheimsóknnum og hvort heimild sé til að framkvæma frammistöðumat. Samtökin hafa gagnrýnt Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem hefur framkvæmt frammistöðumat m.a. út frá hollustuháttareglum án skýrrar lagaheimildar. Telja samtökin eðlilegt ef að veita eigi heimild til frammistöðumats að um það þurfi að gilda skýrar reglur svo sem bestar upplýsingar berist neytendum. Skýrt þarf að vera hvernig frammistöðumat skuli framkvæmt og hvernig niðurstöður úr því skuli birtar.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Árni Grétar Finnsson

f.h. Samtaka iðnaðarins

Björg Ásta Þórðardóttir

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S, Benediktsson

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Baldur Sigmundsson